



Samfélagið er lykill að íslensku:

Ráðstefna um kennslu íslensku sem annars máls



Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri



HÍ

ÁGRIPABÓK

Ágrip erinda flutt á ráðstefnu um kennslu íslensku sem annars máls
19. – 20. september 2025 í Háskólanum á Akureyri

ISBN 978-9935-25-876-2

RANNSÓKNARSTOFA Í MÁLTILEINKUN – RÍM

EFNISYFIRLIT

Upphafserindi	4
Staða íslensku sem annars máls í fjöltyngdu samfélagi	4
Kynning	5
Ísbrú - félag kennara sem kenna íslensku sem annað tungumál	5
Málstofur	6
Málstofa I: Talmál og kennsla	6
Af hverju skiptir máli að kenna íslensku sem annað mál á íslensku?	6
Hljóðskyngjun og hljóðmyndun annarsmálsnema í íslensku	7
Samtalsorðabók sem kennsluefni fyrir annarsmálshafa	8
Málstofa II: Námsefni og evrópski tungumálaramminn	9
Málfræði í evrópska tungumálarammanum – hvað á að kenna?	9
Íslenska sem annað mál – kennsla sem miðar að því að efla orðaforða	10
„Smá úps!“ Bykkni af reynslu og fræðum eftir um 30 ára starfsreynslu í íslensku sem öðru máli á háskólastigi	11
Málstofa III: Ritun og tækni í tungumálanámi	12
Netnám í íslensku sem öðru máli og fagþróun kennara	12
Gervigreind og ritunarkennsla	13
Þegar vélin skilur ekki millimálið – gögn, greining og námsmat á nemendatextum	14
Málstofa IV: Fagþróun, námsleiðir og virkni nemenda	15
Sitja öll við sama borð? Undirbúningur kennara og aðstaða til íslensku í skólum landsins	15
Íslenskustöð í menntavísindum – nýtt grunndiplóma á B1–B2 stigi fyrir nemendur af erlendum uppruna	16
Virkni, valdefling og þátttaka – námsleið fyrir fullorðna	17
Málstofa V: Raddir nemenda	18
„We can’t give you recommendation because we don’t know you.“ Voices of young people with immigrant background	18
Learning Icelandic as a Second Language – from students’ perspectives	19
„Guardians of the language“: language ideologies and migrants’ language learning experiences in Iceland and the Faroe Islands	20
Málstofa VI: Menningarlæsi og miðlun námsefnis	21
Viðkvæm álitamál í bókmenntakennslu í íslensku sem öðru máli	21
Hönd í hönd – tungumál og humar	22
Vangaveltur um notkun hlaðvarps í talþjálfun	23
Málstofa VII: Íslenska sem annað mál á jafningjagrundvelli	24
Við viljum tala íslensku, en hvernig?	24
Íslenskuþorpið: „Viltu tala íslensku við mig?“	25
Velkomin á safnið! Listin að læra íslensku á jafningjagrundvelli	26
Vinnustofur	27
Vinnustofa I	27
Gildi spila í íslenskukennslu	27
Vinnustofa II	28
Gefum íslensku séns	28
Vinnustofa III	29
LESLLA og LASLLIAM færniramminn	29

Veggspjaldamálstofa	30
Veggspjald I	30
Aðlögun íslensku að evrópska tungumálarammanum	30
Veggspjald II	31
Ísbrú – félag kennara sem kenna íslensku sem annað tungumál	31
Veggspjald III	32
Könnun á menntun og hæfni ÍSAT-kennara á öllum skólastigum og í fullorðinsfræðslu	32
Veggspjald IV	33
Sögur á einföldu máli	33
Höfundalisti	34

Staða íslensku sem annars máls í fjöltyngdu samfélagi

Á málþingi á Akureyri í nóvember árið 2000 var fjallað um afleiðingar aukins fjölda innflytjenda á íslenskt samfélag og íslenskt mál. Á umræddu þingi nefndi ég að mestu áhrif fjölgunar innflytjenda yrðu á skólakerfið vegna breyttrar samsetningar nemenda. Ég benti á auka þyrfti áherslu á móðurmálskennslu, foreldrafræðslu, menntun kennara, þróun námsefnis og fjölmennningarlega nálgun í kennslu fyrir alla. Að auki taldi ég að koma ætti upp starfstengdri tungumálakennslu fyrir fullorðna. Á ráðstefnunni *Samfélagið er lykillinn að íslensku sem öðru máli* mun ég staldra við þessa upptalningu og ræða hvert við erum komin og hvað við höfum lært á þeim 25 árum sem liðin eru. Ég mun skoða listann út frá þróuninni í íslensku málsamfélagi og í menntun fjöltyngdra Íslendinga m.a. afleiðingar þess að fimmtungur íbúa á Íslandi hefur annað móðurmál en íslensku og að enska eykst í málumhverfi allra Íslendinga. Vitnað verður í nýjar rannsóknir sem sýna notkun, færni og viðhorf Íslendinga til ensku og íslensku sem virðast vera að nálgast ákveðið jafnvægi og spurt: hversu vænlegt er að halda úti eintýngis mál- og menntastefnum í fjöltyngdu samfélagi. Að lokum verður velt upp hvaða úrræði koma til greina við áskorunum nútímans með tilliti til ílags, kennslunálgunar og menntunar kennara í íslensku sem öðru máli.

Birna Arnbjörnsdóttir

Höfundur er prófessor emeritus í annarsmálsfræðum við mála- og menningardeild á Hugvísindasviði Háskóla Íslands. Hún er höfundur fyrstu námskrár í íslensku sem öðru máli (1999) og verkefnisstjóri námsvefjanna *Icelandic Online*. Birna er stofnandi *Fjölmenningar* ásamt Ingibjörgu Hafstað. Fyrirtækið hélt úti námskeiðum í starfstengdri íslensku í samvinnu við stéttarfélög. Rannsóknir Birnu hafa aðallega verið á sviði sambýlis tungumála hjá einstaklingum og samfélögum. Hún hefur gefið út greinar og bækur um rannsóknir sínar á Íslandi og erlendis. Nýjustu bækurnar eru m.a. *Icelandic Heritage in North America* (2023) ásamt Höskuldi Þráinssyni og Úlfar Bragasynti; *Milli mála: sérhefti um rannsóknir í annarsmálsfræðum* (2022) ásamt Auði Hauksdóttur; *The Art and Architecture of Academic Writing* (2021) ásamt Patriciu Prinz; *Language Development across the Life Span: The Impact of English on Education and Work in Iceland* (2018) ásamt Hafdísí Ingvarsdóttur; Birna er meðhöfundur *Máls málanna: Um nám og kennslu annars og erlendra mála* (2006) ásamt Auði Hauksdóttur. Birna vinnur núna að rannsóknarverkefninu *Sporgbarometer* ásamt Auði Hauksdóttur sem skoðar breytingar á málsamfélögum á vestnorræna svæðinu og vinnur að inngangsriti um fjöltyngi. Bæði ritin koma út á næsta ári hjá Stofnun Vigdisar Finnbogadóttur. Þá er Birna aktif í rannsóknum á notkun gerfigreindar í ritun.

Ísbrú - félag kennara sem kenna íslensku sem annað tungumál

Ísbrú er félag kennara sem kenna íslensku sem annað tungumál og hefur starfað síðan árið 1999. Ísbrú hefur skapað vettvang fyrir félagsmenn til öflugs félagsstarfs og staðið fyrir ýmsum viðburðum, boðið upp á starfsþróunarnámskeið og kynningar og tekið þátt í ýmsum samstarfsverkefnum. Einnig hefur félagið haft milligöngu um samskipti við menntayfirvöld til að koma sjónarmiðum félagsmanna á framfæri. Félagsmenn geta sótt sér jafningjastuðning og fræðslu til félagsins. Frá upphafi hefur félagið starfað fyrir kennara á öllum skólastigum.

Í erindinu verður sagt frá áherslum og stefnu félagsins sem byggir m.a. á röddum kennara. Ísbrú hefur lagt sig fram um að vera í stöðugu samtali við sitt félagsfólk til að átta sig á þeim áskorunum og tækifærum sem við blasa í kennslu íslensku sem annars tungumáls á öllum skólastigum. Mikilvægt er að kennarar séu upplýstir um félagið og starf þess því margir sem kenna íslensku sem annað tungumál eru einyrkjar og í félaginu fá þeir tækifæri til að hitta annað fólk í svipuðum sporum, geta deilt hugmyndum og lært hver af öðrum.

Erla Guðrún Gísladóttir
Þorbjörg Halldórsdóttir

Af hverju skiptir máli að kenna íslensku sem annað mál á íslensku?

Dósaverksmiðjan hóf starfsemi í skólastofu árið 2008. Í dag er kennt samkvæmt tveimur tungumálarömmum, annars vegar LASLLIAM rammanum (9 getustig) og hins vegar evrópska tungumálarammanum (11 getustig). Frá upphafi hefur íslenska sem annað mál einungis verið kennd á íslensku í Dósaverksmiðjunni og mikil áhersla á öll færnistig, lesa, skrifa, hlusta, tala og málfræði. Hér verður fjallað um helstu kosti og árangur af þessari kennslu og þær áskoranir sem upp koma. Farið verður yfir kennsluaðferðir og þjálfun kennara og vísað í rannsóknir til stuðnings því að kenna markmál á því máli sem verið er að læra.

Gígja Svavarsdóttir
Þóra Björg Gíggudóttir

Hljóðskynjun og hljóðmyndun annarsmálsnema í íslensku

Annarsmálshöfum íslensku hefur fjölgað töluvert á seinustu árum og endurspeglast það í aukinni aðsókn að námi í íslensku sem öðru máli við HÍ. Í fjölbreyttu íslensku samfélagi eiga samskiptaörðugleikar oft rætur sínar að rekja til misskilnings vegna frávika í framburði annarsmálshafa íslensku (sem er oft kallaður erlendur hreimur) og ókunnugleika móðurmálshafa við ólíkar gerðir hreims. Enn er þó nokkuð óljóst hvaða íslensk hljóð reynast annarsmálshöfum erfið að skynja og mynda. Í þessu erindi kynnum við rannsóknarverkefnið Hljóðskynjun og hljóðmyndun annarsmálsnema íslensku. Rannsóknin samanstendur af þremur þáttum: i) greiningu á hljóðskynjun um 250 annarsmálsnema í grunndiplómu í íslensku við HÍ með notkun niðurstaðna Insperaprófa; ii) greiningu á framburði um 80 þessara nemenda á grundvelli þriggja upplestrarverkefna; og iii) tengingu niðurstaðna við bakgrunnsupplýsingar nemenda svo og notkun þeirra á íslensku og hvata til náms. Gögnunum var safnað yfir níu mánaða tímabil sem veitir einstakt tækifæri til að skoða þróun í hljóðskynjun og hljóðmyndun hjá byrjendum í formlegu námi og getur nýst í þróun nemendamiðaðra kennsluaðferða í íslensku sem öðru máli.

Stefanie Bade
Védís Ragnheiðardóttir

Samtalsorðabók sem kennsluefni fyrir annarsmálshafa

Í fyrirlestrinum mun ég kynna *Samtalsorðabók*, fjalla um hugmyndina á bak við verkefnið velta fyrir mér notkunarmöguleikum. Orðabókin hefur þann tilgang að varpa ljósi á orð og orðasambönd sem einkum koma fyrir í talmáli, t.d. dæmis kveðjur (*sæl og blessuð*), ávörp (*gaur*), blótsyrði (*djöfulsins*) og ýmiss konar orðræðuagnir (*þúst*). Oft eru þetta orð sem ekki koma fyrir í hefðbundnum orðabókum þótt þau heyrist oft í hversdagslegum samræðum. Í orðabókinni geta notendur flett upp orðum og orðasamböndum og skoðað lýsingar á því hvernig þau eru notuð. Einnig birtast á síðunni brot úr samtölum þar sem flettturnar koma fyrir og með einum smelli má svo hlusta á upptökurnar.

Orðabókin getur nýst annarsmálshöfum sem vilja þjálfa sig í að skilja talað mál. Efniviðurinn er sóttur í hlaðvörp, útvarpsþætti og hversdagsleg samtöl, og endurspeglar því íslenskt nútímamál. Aðferðarfræðin sem stuðst er við er samskiptamálfræði og samtalsfræði en markmiðið er að hafa lýsingarnar á einföldu og skýru máli svo efniviðurinn nýtist annarsmálshöfum sem eru komnir af stað í íslensku.

Helga Hilmisdóttir

Málfræði í evrópska tungumálarammanum – hvað á að kenna?

Undanfarið ár hefur hópur sérfræðinga við HÍ unnið að gerð stöðumats í íslensku sem öðru máli. Matið er byggt á viðmiðum evrópska tungumálarammans og útbúin verða próf á stigum A2, B1 og B2. Vinnan hingað til hefur m.a. falist í aðlögun íslensku að evrópska tungumálarammanum. Hluti þeirrar vinnu er að rýna í gögn frá málnefum og skilgreina þau málfræðiatrði í íslensku sem eiga heima á mismunandi færnistigum rammans.

Í fyrirlestrinum segjum við frá málfræðirannsóknunum okkar í tengslum við stöðumatið. Við höfum greint gögn og sett málfræðina sem við sjáum í þessum gögnum á stig rammans með hliðsjón af stigum úrvinnslukenningarinnar (*Processability theory*). Við ræðum líka um þann lærdóm sem draga má af þessari vinnu og nýta má í kennslu íslensku sem annars máls: Hvaða málfræðiatrði á að leggja áherslu á og kenna á hverju stigi? Hvernig byggist málfræðin upp? Hvernig er heppilegt að þjálfra málfræðina í blönduðum nemendahópi? Hvað þarf að hafa í huga við mat og endurgjöf? Hvernig má stuðla að meiri málfræðilegri nákvæmni í frálagi málnema?

María Garðarsdóttir

Sigríður Þorvaldsdóttir

Íslenska sem annað mál – kennsla sem miðar að því að efla orðaforða

Markviss kennsla sem stuðlar að góðu valdi á íslensku máli er mjög mikilvæg. Til þess að tryggja sem best að hún sé markviss verður málakennslan að snúast um orðaforða og vera eins samhengisrík og ítarleg og þörf krefur. Hún þarf að hafa að markmiði að nemendur öðlist góðan skilning á íslenskum orðum og hugtökum og geti tjáð sig um þau efnislega og með viðeigandi hætti. Orðaþekkingin ætti að vera haldgóð, breið og djúp, og til þess að hún varðveitist sem best þarf orðanámið að vera fjölbreytilegt, títt, og hverfast um samhengi.

Samfélagið er lykill að íslensku en íslenskan er ekki síður lykill að samfélaginu — t.d. samskiptum, starfi og námi — og markviss kennsla sem snýr að orðaforða getur því stuðlað að betra og farsælla aðgengi að samfélaginu. Í erindinu verður fjallað um leiðir til að efla orðaforða nemenda á markvissan og kerfisbundinn hátt. Dregnir verða fram þættir sem mikilvægt er að huga að við skipulag orðakennslu þannig að hún verði sem árangursríkust og í því samhengi m.a. litið til kennsluaðferðarinnar *Orðs af orði* sem byggir á fræðum um árangursríka orðakennslu.

Guðmundur Engilbertsson

„Smá úps!“ Þykkni af reynslu og fræðum eftir um 30 ára starfsreynslu í íslensku sem öðru máli á háskólastigi

Nútíminn er kraumandi skemmtilegur hvað varðar tungumálakennslu, nú er ekki lengur verið að leita að aðferðinni með ákveðnum greini. Við erum ekki öll eins og það er ekki það sama sem hentar okkur hverju og einu og svo þróumst við og breytumst. Ef við líkjum ferlinu við næringu þá borðum við ekki það sama í morgunmat, hádegismat eða kvöldmat og við borðum ekki það sama á sumrin og á veturna.

Í þessu erindi ætla ég að fara yfir það sem reynslan hefur kennt mér og hvernig það rímar við fræðin:

- Um mikilvægi þess að brjóta niður mýtuna um að það sé ekki hægt að læra íslensku
- Gagnsæi íslenskunar
- Smá úps! Um mikilvægi þess að skapa traust til að þora að gera mistök
- *Já einmitt, nú, jæja, ég líka...* – um mikilvægi samtalsfrasa og smáorða
- Að lifa tungumálið – brúarsmíð út í samfélagið
- Sköpunarkrafturinn og mikilvægi þess að eiga í verkefnunum
- Notkun táknmáls við kennslu orðaforða og málfræði
- Um mikilvægi setninga og það sem hefur verið kallað „Sentence Mining“ á ensku, *að veiða* setningar gæti náð því á íslensku

Sigríður Kristinsdóttir

Netnám í íslensku sem öðru máli og fagþróun kennara

Erindið fjallar um kennsluaðferðir sem fjórtán kennarar í íslensku sem öðru máli notuðu í netkennslu til að styðja nemendur við meira sjálfstæði í netnámi. Hingað til hafa slíkar rannsóknir ekki verið gerðar hér á landi og vitað er aðeins um örfáar rannsóknir á heimsvísu sem fjalla um svipað efni. Hér er verið að ræða eiginlega rannsókn sem byggir á viðtölum kennara um kennslu á tímum faraldursins annars vegar og hvernig þeir hafa mögulega breytt eða aðlagð aðferðum sínum í netkennslu eftir faraldurinn hins vegar.

Í þessari samanburðarrannsókn er varpað ljósi á mögulega þróun í netkennslu í íslensku sem öðru máli sem fór fram á tímum faraldursins annars vegar og þær aðferðir sem styðja við sjálfstæði nemenda í netnámi nú í dag hins vegar. Við val á þátttakendum var notast við markmiðsúrtak (e. purpose sampling) og valdir voru þeir þátttakendur sem höfðu reynslu með netkennslu í íslensku sem öðru máli. Þemagreiningu var bætt við úrvinnslu gagna en helstar niðurstöður benda til þess að sér valin verkefni fyrir utan hefðbundna netkennslutíma stuðla að aukinni tungumálakunnáttu nemenda og þátttöku þeirra í netnámi. Í erindinu verður greint frá þeim kennsluaðferðum sem stuðla bæði að auknu sjálfsnámi nemenda og fagþróun kennara í netkennslu.

Branislav Bédi

Gervigreind og ritunarkennsla

Farsæl notkun gervigreindar byggir á góðri tungumálafærni, gagnrýninni hugsun og að notandinn átti sig á því að textategundir eru mismunandi. Þetta á sérstaklega við þegar nemendur semja skipanir (prompts) og rýna í gæði textans sem gervigreindarforrit s.s. ChatGPT og Co-pilot framleiða. Því hafa fræðimenn kallað eftir auknum áherslum á þessa þætti í kennslu m.a. með öflugri ritunarkennsl. Notkun gervigreindar er sérstaklega krefjandi fyrir fjöltyngda nemendur svo sem þá sem læra íslensku sem annað tungumál en þurfa líka að hafa góða færni í ensku sem er krafa í háskólanámi á Íslandi þar sem næstum allur texti, og í auknum mæli kennsla og verkefni, eru á. Í fyrirlestrinum kynnum við AWARE nálgunina í kennslu ritunar á öðru tungumáli sem þróuð var í Háskóla Íslands. AWARE tekur einmitt á mörgum þeim áskorunum sem fræðimenn hafa bent á varðandi notkun gervigreindar í kennslu og námi. Þar á meðal hvernig megi meta gæði heimilda og upplýsinga almennt og gera texta sem gervigreindarforrit framleiða persónulegri. Fyrirlestrinum, sem fer fram á ensku, lýkur með kynningu á dæmum um kennsluaðferðir og kennsluefni í ritun á framhalds- og háskólastigi.

Patricia Prinz

Birna Arnbjörnsdóttir

Þegar vélin skilur ekki millimálið – gögn, greining og námsmat á nemendatextum

Í fyrirlestrinum verður fjallað um stöðu og áskoranir í sjálfvirku mati á ritun annarsmálsnema í íslensku með áherslu á gagnasöfn, málvinnslutól og sjálfvirk matstæki. Kynnt verða gagnasöfn af annarsmálstextum byggð á CEFR mælikvarðanum sem nýtast til rannsóknar og þróunar: villumálheildin IceL2EC, nýja málnemamálheildin IceLC, og safn af munnlegum prófum (40 hljóðskrár með umritunum). Textasöfnin innihalda texta frá málnefum í íslensku sem öðru máli metnum á mismunandi færnistigum CEFR, og tengja upprunalega og leiðréttu útgáfu með orða- og setningasamsvörun.

Sýnt verður hvernig málfræðivillur og þróun orðaforða eru greind með tölfræðilegum aðferðum, og hvernig niðurstöðurnar styðja sjálfvirkt mat á færni með vélrænum líkönum. Greint verður frá árangri tveggja líkangerða sem meta ritunarhæfni út frá yfirborðseinkennum annars vegar og dýpri málfræðilegum einkennum hins vegar. Jafnframt verður rætt um takmarkanir íslenskra máltæknilausna á millimálgögnum, og sýnt hversu ósamræmd þáttun, lemmun og mörkun getur verið fyrir íslensku sem annað mál. Áhersla verður lögð á mikilvægi mannlegs mats á tímum gervigreindar og þörfina fyrir stöðluð, vönduð gagnasöfn fyrir áframhaldandi þróun.

Isidora Glišić

Sitja öll við sama borð? Undirbúningur kennara og aðstaða til íslensku í skólum landsins

Á undanförunum áratugum hefur íslenskt samfélag tekið miklum og skjótum breytingum; samfélag sem áður einkenndist af einangrun og einsleitni er nú fjölbreyttara en nokkru sinni fyrr. Þessar breytingar endurspeglast ekki síst í skólakerfinu þar sem æ fleiri nemendur á öllum skólastigum hafa fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn. Það er ábyrgð skólakerfisins í heild sinni að taka vel á móti nemendum af ólíkum uppruna og tryggja þeim jöfn tækifæri til menntunar og því ljóst að kennarar á öllum skólastigum þurfa viðeigandi menntun og stuðning til að kenna fjölbreyttum nemendahópi sem talar ýmis tungumál og hefur mismikla hæfni í íslensku.

Í fyrirlestrinum ræða höfundar hlutverk háskólastigsins í þessu samhengi; hvaða breytingar hafa verið gerðar á kennaramenntun til að mæta þessari þörf og hvaða frekari breytingar er nauðsynlegt að gera til að efla skólakerfið í heild sinni. Þá segja höfundar einnig frá rannsókn sinni á mismunandi aðstöðu og aðbúnaði í skólum sem gefur til kynna að ekki sitji öll við sama borð.

Helga Birgisdóttir

Ingunn Hreinberg Indriðadóttir

Íslenskustoð í menntavísindum – nýtt grunndiplóma á B1–B2 stigi fyrir nemendur af erlendum uppruna

Í þessu erindi verður kynnt ný 60 ECTS námsleið Íslenskustoð sem er hýst á Hugvísindasviði Háskóla Íslands (HÍ) en annað kjörsviðanna er á Menntavísindasviði HÍ. Fjölgun fólks af erlendum uppruna í skólakerfinu, bæði nemenda og starfsfólks, kallar á þróun náms og kennslu á öllum skólastigum sem og á breytingar í undirbúningi kennara. Í reglugerð um hæfniramma með viðmiðum fyrir almenna og sérhæfða hæfni kennara og skólastjórnenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla nr. 1355/2022 sem fylgir lögum um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 95/2019 er gerð krafa um hæfni í íslensku sem samsvarar að lágmarki C1 í evrópska tungumálarammanum. Að auki er umræða í Háskóla Íslands um að setja kröfu um hæfni umsækjenda um grunnnám á stigi B2.

Þess vegna er Íslenskustoð með tvö kjörsvið “háskólanám” og “menntavísindi” mikilvægt úrræði bæði fyrir umsækjendur um háskólanám, starfsfólk af erlendum uppruna sem starfar í menntakerfinu og fleiri sem þurfa góða hæfni í íslensku í störfum sínum. Í undanfara Íslenskustoðar, Íslenskubré árin 2022-2024 kom í ljós að margir hópar hafi áhuga á slíkri diplómu, t.d. nýnemar sem vilja efla hæfni sína í íslensku, kennarar af erlendum uppruna sem starfa í háskólanum, og aðrir nemendur háskólans, innritaðir sem og framtíðarnemendur á stigi B2 skv. evrópska tungumálarammanum. Íslenskustoð í menntavísindum er jafnframt fyrirmynd fyrir fleiri mögulegar Íslenskustoðir, t.d. í heilbrigðisvísindum og á öðrum sviðum þar sem starfsfólk þarf að öðlast starfs-og fagtengdan orðaforða og íslenskuhæfni á B2 stigi.

Renata Emilsson Peskova

Stefanie Bade

Lara Hoffmann

Virkni, valdefling og þátttaka – námsleið fyrir fullorðna

Virkninámsleiðir eru sérsniðin námsleiðir fyrir fullorðna innan LESLLA, sem eru læs á eigin móðurmáli en hafa ekki náð árangri í lestri í hefðbundinni íslenskukennslu. Markmiðið er að efla tal, hlustun, lestur og ritun í gegnum þátttöku, samtal og endurtekningu í raunverulegum aðstæðum. Námið byggir á samvinnu nemenda og kennara þar sem áhugasvið nemenda mótast efnið. Lykilsetningar eru kenndar og þróaðar áfram í samræmi við orð og aðstæður sem nemendur vilja læra. Fyrstu niðurstöður tilraunakennslu sýna að þessi nálgun eflir samskipti á íslensku og nemendur sýna verulegar framfarir í tali, lestri og ritun og auglýsilegt að sjálfstraust eykst mikið á námstímanum. Unnið er að þróun aðgengilegs, sveigjanlegs og opins námsefnis sem gerir kennurum kleift að aðlagða efni að mismunandi hópum. Í erindinu verður fjallað um tvo ólíka hópa sem unnu með sama kennsluform – með góðum árangri í báðum tilvikum. Í ljós kom að opin, samtalsmiðuð og valdeflandi nálgun skilar meiri árangri fyrir þennan hóp en hefðbundin íslenskukennsla.

Þorgerður Jörundsdóttir

Jóhanna F. Kjeld

Guðrún Árnadóttir

„We can't give you recommendation because we don't know you.“ Voices
of young people with immigrant background

Í erindinu verður sagt frá völdum niðurstöðum úr viðtalsrannsókninni *Raddir fólks með erlendan bakgrunn – inngilding í nám, starf og samfélag* en verkefnið var unnið að frumkvæði Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA) og Norræns tengslanets um nám fullorðinna (NVL) í samstarfi við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið og mennta- og barnamálaráðuneytið.

Verkefnið fólst í því að greina þarfir ungs fólks með erlendan bakgrunn (18-35 ára) varðandi aðgengi að námi, vinnumarkaði og öðrum sviðum samfélagsins. Haldnir voru rýnifundir (hópviðtöl) á fimm stöðum á landinu með 5-8 viðmælendum frá febrúar – apríl 2023. Viðtölin voru að jafnaði ein og hálf klukkustund og tekin í húsnæði Símenntunarmiðstöðva sem aðstoðuðu við að koma á tengslum við viðmælendur. Viðtalsramminn fól í sér spurningar í þremur efnisflokkum: *Nám – menntun; starf, og samfélag*.

Kynntar verða niðurstöður varðandi *Nám og menntun* sem sýna að þessi hópur sé í útilokandi stöðu í ljósi þess að þau skortir oft færni íslensku til að sækja nám á íslensku og á hinn bóginn er skortur á viðeigandi námsframboði á ensku. Ungmennin fara óformlegar leiðir frekar en formlegar til að fá starf oftast en ekki í gegnum aðra innflytjendur sem fyrir eru og þekkja til og það sama á við um aðgengi að nauðsynlegum upplýsingum, þau spyrja vin. Komandi frá öðru landi með enga sögu eða tengsl við Ísland er mikil hindrun í því að komast áfram í samfélagi sem gengur út að „maður þekki mann“. Hafandi hvorki þessi tengsl né hæfni í íslensku er því stór hindrun að íslensku samfélagi.

Hermína Gunnþórsdóttir
Lara W. Hoffmann

Learning Icelandic as a Second Language – from students' perspectives

Many foreigners from around the world are attracted to Iceland to live and work, either on a temporary or permanent basis. In order to integrate into Icelandic Society and play a role in the community, many follow options for Icelandic language learning that are available to them. These include online resources, casual sessions run by volunteers, evening classes, and more formal courses such as the Diploma in Icelandic as a Foreign Language offered by the University of Iceland.

This study will examine the experiences of those who have followed such options and, more importantly, what they feel has had the most positive effect on their language learning. The study will reflect on feedback and comments from a pilot study that surveyed over 20 foreigners and their experiences with learning Icelandic. Such an evaluation aims to contribute to evidence-based teaching in Icelandic language learning as a second language.

Audrey Louise Matthews

„Guardians of the language“: language ideologies and migrants’ language learning experiences in Iceland and the Faroe Islands

This study examines the impact of language ideologies on adult migrants’ language learning experiences in Iceland and the Faroe Islands. While prior research shows that larger and smaller language contexts provide different ideological environments for learners, few studies reflect on how newcomers in smaller language communities experience and respond to dominant language ideologies. We draw on ethnographic research conducted in the Faroe Islands and Iceland as migration raises questions about how first-language speakers, language learners, and local authorities respond to these demographic changes.

Policies in both contexts are informed by ideologies of monolingualism and linguistic purism. English functions as a widely spoken lingua franca and a tool for learning small languages but also raises concerns about the future of these languages. In the Faroe Islands, two small languages, Faroese and Danish, are linked with social mobility and labour market access, which complicates the learning environment. We find that migrants in small language communities encounter and express varied ideological positions, including protectionism, language as a key, native speakerism, authenticity, utility, and English as a lingua franca. These varied positions highlight how language ideologies relate to inclusion, labour mobility, and migrants’ investment in small languages.

Lara W. Hoffmann
Anna-Elisabeth Holm

Viðkvæm álitamál í bókmenntakennslu í íslensku sem öðru máli

Bókum er gjarnan líkt við glugga og spegil. Í glugganum geta lesendur kynnst reynslu sem er handan við reynsluheim þeirra en í speglinum geta þeir skoðað sögupersónur sem svipar til þeirra sjálfra og speglað sínar hugmyndir og lífssýn í. Upplifun lesenda af skáldverki ræðst meðal annars af reynslu þeirra, þekkingu og bakgrunni en því getur sami skáldskapur haft ólík áhrif á einstaklinga, skilning þeirra og túlkun. Þetta skiptir miklu máli í bókmenntakennslu í íslensku sem öðru máli því margar íslenskar bækur taka á viðkvæmum álitamálum – til dæmis hinseginleika, ofbeldi og veikindum – sem bannhelgi getur hvílt á innan sumra menningarsamfélaga.

Í erindinu verður fjallað um mögulega árekstra menningarheima í bókmenntakennslu og hvernig kennarar í íslensku sem öðru máli geta komið til móts við fjölbreyttan nemendahóp af ólíkum uppruna og sýnt honum samlíðan. Í því skyni verður sérstaklega dregið fram hvernig gera má kennslustofuna að öruggu rými og hvaða kennsluaðferðum kennarar geta beitt til að gefa nemendum sínum lykla að íslenskum bókmenntum og ræða viðkvæm álitamál, með hliðsjón af íslenskum bókmenntatextum, þannig að öllum líði vel og geti óhindrað sagt skoðanir sínar.

Guðrún Steinpórsdóttir

Hönd í hönd – tungumál og humar

Húmor var löngum vanmetið tæki í tungumálanámi en notkun hans sneri þá gjarnan að því brjóta upp hefðbundnar kennslustundir. Rannsóknir síðari ára hafa aftur á móti sýnt fram á að markviss beiting húmors í tungumálakennslu geti skapað afslappaða stemningu í skólastofunni, dregið úr kvíða, skapað tengsl og eflt virkni nemenda. Að sama skapi er einnig lögð áhersla á að húmor geti verið tvíeggjað sverð í ljósi þess hversu náíð hann tengist menningarlegum gildum og tilvísunum eftir þjóðerni, staðháttum, þjóðfélagsstétt og tíma svo eitthvað sé nefnt. Þannig getur gamanmál í tungumálakennslu auðveldlega valdið misskilningi, móðgað eða jaðarsett nemendur og því er mikilvægt að stíga varlega til jarðar.

Í þessu samhengi verður fjallað um hvernig húmor geti þjónað fjölþættum tilgangi í kennslu og tileinkun annars máls með áherslu á fullorðna nemendur. Kynntar verða nokkrar kennsluaðferðir þar sem tekið er mið af fjölbreyttum bakgrunni nemenda og jafnframt gefið dæmi um verkefni og atvik sem hafa vakið kátínu en einnig því sem getur orkað tvímælis.

Ingibjörg Sigurðardóttir

Vangaveltur um notkun hlaðvarps í talþjálfun

Í erindinu verður sjónum beint að hlaðvarpsnámskeiðum við Humboldt-háskóla sem ég kenndi á fjögurra ára tímabili. Nemendur völdu sér efni um menningu og samfélag sem þeir kynntu í hlaðvörpum fyrir þýskunema HÍ þegar þeir sóttu þá heim eftir að hafa tekið á móti þeim í Berlín. Þannig báru báðir námshóparnir saman það sem var líkt og ólíkt í menningunni á því máli sem þeir lögðu stund á, fengu betri innsýn í ýmis einkenni hennar og byggðu brýr á milli menningarheima. Miðlun menningarlæsis var því mikilvægur hluti námskeiðanna, s.s. umfjöllun um siði og venjur sem auðveldar nemendum að átta sig á því hvað er viðeigandi í samræðum.

Erindið gefur jafnframt innsýn í notkun hlaðvarps í íslensku sem annars máls við HÍ þar sem fyrsta árs nemendur gátu í talþjálfun valið að kynna efni í hlaðvarpi. Ávinningur hlaðvarpsgerðar verður reifaður, s.s. notkun nýstárlegrar miðlunar efnis, þjálfun hversdagslegrar málnotkunar með áherslu á ýmis einkenni talmáls, eins og orðræðuagnir.

Við útfærslu verkefna þarf að huga að ýmsu, s.s. færnistigi nemenda. Hlaðvarp er í eðli sínu samtál tveggja eða fleiri en ekki viðtal og flæði því mikilvægt. Af þessum sökum hentar það betur lengra komnum nemendum sem geta tjáð sig nokkuð frjálst um afmarkað efni.

Laufey Guðnadóttir

Við viljum tala íslensku, en hvernig?

Í erindi mínu mun ég fjalla um hvernig íslenskt samfélag, á flestum sviðum, hefir brugðist þegar kemur að því að skapa hvata fyrir innflytjendur til að læra málið og hvað gera megi, eða þurfi að gera, til að snúa blaðinu við og hví það sé samfélagslega nauðsynlegt. Erindið byggir ég á reynslu minni sem kennari í íslensku sem öðru máli auk þess að hafa kennt málið sem erlent mál lengi vel.

Aðallega byggist erindið þó á reynslu minna af því að hafa stofnað til verkefnisins Gefum íslensku séns – íslenskuvænt samfélag innan vébanda Háskóla- og Háskóla Vestfjarða í Ísafirði og stýrt því með ærinni fyrirhöfn á árunum 2021-2025 (fram í febrúar það ár) og þurft að berjast við samfélagslegar vindmyllur í gríð og erg, svo og samfélagsleg viðhorf sem hamla máltileinkun í besta falli og koma í veg fyrir hana í versta falli en gera alltént sitt í að berja á samfellu máltileinkunar íslensku sem annars máls svo útkoman verður að lokum enska. Enska sem er samfélaginu í heild sinni ekki til hagsbóta.

Ólafur Guðsteinn Kristjánsson

Íslenskuþorpið: „Viltu tala íslensku við mig?“

Í erindinu verður greint frá námi annars máls utan kennslustofunnar (e. Second Language Learning in the Wild (L2W)) sem er nýstárleg leið í tungumálanámi með áherslu á nám annars máls í gegnum þátttöku með stuðningi í samfélaginu (wild = lífið utan kennslustofunnar). Sagt verður frá markvissum og sérsniðnum leiðum Íslenskuþorpsins sem er kennsluverkefni í íslensku sem öðru máli þar sem gengið er út frá því að tungumál lærist í félagslegum samskiptum.

Fræðilegur grundvöllur Íslenskuþorpsins byggir m.a. á doktorsrannsókn Guðrúnar Theodórsdóttur dósents í íslensku sem öðru máli við Háskóla Íslands frá 2010. Þar sýna niðurstöður hvernig hægt er að nýta hversdagsleg samskipti utan kennslustofunnar til tungumálanáms. Rannsóknir í máltileinkun ganga út frá því að máltileinkun geti ekki orðið og verði ekki án málnotkunar. Viðmælendur geta þannig verið þátttakendur í tungumálanáminu og haft áhrif á máltileinkunina.

Málnotkun í aðstæðum þar sem tungumálið er sett í samhengi við aðstæður og athafnir hafa raunverulegar afleiðingar geta því verið hvetjandi fyrir tungumálanámið. Í Íslenskuþorpinu er boðið upp á stuðning sem hjálpar þeim sem eru að læra málið að verða betri í tungumálinu og auka hæfni sína til að taka þátt í nærsamfélaginu. Fjallað er um hvernig leiðbeinendur og kennarar geta fangað betur tækifæri hversdagslegra samskipta til náms í öðru máli og hvernig samfélagið getur aukið samlíðan með þeim sem eru að læra málið.

Guðlaug Stella Brynjólfsdóttir

Velkomin á safnið! Listin að læra íslensku á jafningjagrundvelli

Viðburðurinn *Skoðum og spjöllum* er mánaðarlegur liður í viðburðaröðinni *Spjöllum með heim* sem Borgarbókasafn Reykjavíkur hefur haldið úti í núverandi mynd síðan vorið 2023. Viðburðaröðin er opin og ókeypis fyrir öll sem vilja læra og æfa sig að tala íslensku á vettvangi þar sem hin hefðbundna skólastofa opnast út í íslenskt samfélag og úr verður einstök námsupplifun á jafningjagrundvelli.

Í *Skoðum og spjöllum* hittast nemendur á Borgarbókasafninu í Grófinni og fá kennslu í orðaforða og málnotkun sem tengist safninu sem verður heimsótt þann daginn. Í kjölfarið heimsækir hópurinn eitt af söfnum borgarinnar og fær leiðsögn á einfaldri íslensku með stuðningi kennara. Umfjöllunarefni sýninganna er afar fjölbreytt og þar er mikil auðlind af sértækum orðaforða og málnotkun sem veitir nemendum innsýn í íslenska sögu og menningu, ekki síst hversdagsmenningu, en einnig almennum orðaforða sem tengist m.a. daglegu lífi, listsköpun og náttúrunni.

Í fyrirlestrinum segir höfundur frá starfi sínu sem umsjónarkennari *Skoðum og spjöllum* og þeim áherslum og nálgunum sem einkenna þennan vinsæla viðburð. Sagt verður frá þróun kennslunnar frá upphafi og námsefni sem nú er í vinnslu.

Ingunn Hreinberg Indriðadóttir

Gildi spila í íslenskukennslu

Dósaverksmiðjan hefur gefið út níu spil fyrir kennslu íslensku sem annars máls. Þessi spil voru valin til útgáfu eftir mikla tilraunakennslu á mörgum getustigum. Í þessari vinnustofu verða spilin kynnt. Við skoðum af hverju er gott að nota spil í íslenskukennslu. Þá verður fjallað um hvernig skal undirbúa notkun spilanna út frá kennsluefni og hvað henti að æfa hverju sinni. Efnið er gott að flétta inn í orðaforðakennslu, í frasapjálfun, talpjálfun almennt og í málfræðikennslu. Þátttakendur fá bæði tækifæri til að gera sínar eigin spilaleiðir og vinna eftir þegar tilbúnum leiðum.

Gígja Svavarsdóttir

Guðrún Árnadóttir

Kristbjörg Arna E. Þorvaldsdóttir

Þorgerður Jörundsdóttir

Jóhanna F. Kjeld

Þóra Björg Gíggjúdóttir

Gefum íslensku séns

Verkefnið Gefum íslensku séns stuðlar að auknum möguleikum við notkun íslensku fyrir alla sem læra málið með hjálp þeirra sem hafa málið á valdi sínu. Verkefnið er sprottið upp við Háskólasetur Vestfjarða en árið 2007 hófust sumarnámskeið í íslensku sem annað mál. Frá upphafi var lagt upp með að samfélagið tæki ábyrgð með almennri þátttöku og var nærsamfélagið hvatt til að tala íslensku við nemendur háskólasetursins. Verkefnið hefur þróast og út frá því fæddist verkefnið Gefum íslensku séns. Verkefnið stuðlar að inngildingu fólks með fjölbreyttan tungumála og menningarbakgrunn í íslenskt samfélag með skipulagðri fræðslu og viðburðum sem virkjað gæti nærumhverfi til þátttöku í tungumálinu.

Árið 2021 var byrjað með lítið átak sem gekk undir nafninu Íslenskuvænn staður. Þá var biðlað til verslana, veitingastaða og stofnanna í Ísafjarðarbæ að tala íslensku við íslenskunemendur Háskólaseturs Vestfjarða en jafnframt voru staðirnir fengnir til að skuldbinda sig til að laga mál sitt að íslenskupörfum þeirra sem spreyttu sig á henni. Verkefnið fékk á síðasta ári styrk frá menningar-, nýsköpunar- og háskólamálaráðuneytinu til að útvíkka verkefnið.

Við erum að vinna með hugtakið Almennakennari og þá er vísað í að við erum öll almennakennarar þegar kemur að því að því að samfélagið axli ábyrgð á að miðla tungumálinu til erlendra íbúa. Hugtakið sjálft og hlutverkið sjálft á eftir að útfæra. Við erum að ráðgera að gefa út handbók um almennakennara, og því væri það upplagt að skapa umræðuvettvang á vinnustofu hjá ykkur á ráðstefnunni. Skapa umræðu, fá hugmyndir og flæði sem hægt væri að nýta í útfærsluna.

Halla Signý Kristjánsdóttir

LESLLA og LASLLIAM færniramminn

Hvernig tryggjum við menntun fólks með brotna skólagöngu og/eða hefur ekki latneska lettrið í sínu móðurmáli? Hjá Dósaverksmiðjunni vinnum við út frá kennsluviðmiðum LASLLIAM-rammans (Literacy And Second Language Learning for the Linguistic Integration of Adult Migrants) skv. viðmiðum evrópuráðsins, undir hugmyndafræði LESLLA (Literacy Education and Second Language Learning for Adults). LASLLIAM ramminn er undanfari evrópska tungumálarammans og er á fjórum færnistigum og þar er ekki meðtalið ef fólk þarf að læra að lesa á móðurmáli. Markhópur þessara viðmiða er fólk með litla eða brotna skólagöngu og/eða fólk sem ekki hefur latneska lettrið í móðurmáli. Hér er tilgangurinn að jafna tækifæri ólíkra hópa til náms.

Kynntar verða þær gagnreyndu kennsluaðferðir sem nýtast í þessari kennslu og hvernig við höfum byggt upp námsefni og námsmat sem þjónar þessum hópi. Þá verður fjallað um athuganir okkar á færni nemenda og skoðuð verður námsframvinda nokkurra nemenda. Einnig verður fjallað um athuganir okkar á lestrarfærni nemenda í framhaldsskólum. Við fjöllum um ytri áskoranir sem við glímum við í þessari kennslu, þ.e. kerfið sjálft en einnig þær innri áskoranir sem felast m.a. í gríðarlegri fjölbreytni nemendahópsins. Vinnustofan byggir á stuttum fyrirlestrum og margvíslegu uppbroti sem felst í umræðum, beinni þátttöku viðstaddra, og ýmis umhugsunarefni verða tekin til skoðunar og samtals hjá þátttakendum.

Gígja Svavarsdóttir

Guðrún Árnadóttir

Kristbjörg Arna E. Þorvaldsdóttir

Þorgerður Jörundsdóttir

Aðlögun íslensku að evrópska tungumálarammanum

Hópur sérfræðinga í íslensku sem öðru máli og máltækni hefur undanfarið unnið að þróun stöðumats í íslensku sem öðru máli með það að markmiði að samræma mat á íslenskukunnáttu málnefna og auðvelda þeim að nýta færni sína á vinnumarkaði og í skólakerfinu. Stöðumatið er byggt á evrópska tungumálarammanum (e. *Common European Framework of Reference for Languages – CEFR*) en hann hefur verið notaður víða sem grunnur að námskrám, námsefni og námsmati í tungumálakennslu. Í rammanum eru sett fram algild viðmið og lýsing á tungumálafærni á sex stigum (A1, A2, B1, B2, C1, C2). Á veggspjaldinu verður evrópski tungumálaramminn kynntur og greint frá aðlögun hans að íslensku. Sú vinna felst í því að útbúa greiningarviðmið sem skýra hvaða málfarslegu atriði í íslensku tilheyra hvaða stigi rammans. Þau eru síðan nýtt í þróun stöðumatsins.

Helga Jónsdóttir

Ísbrú – félag kennara sem kenna íslensku sem annað tungumál

Ísbrú er vettvangur fyrir kennara sem kenna íslensku sem annað mál til þess að öðlast og veita öðrum faglegan stuðning og fræðslu um nám og kennslu. Ísbrú hefur lagt sig fram um að vera í stöðugu samtali við sitt félagsfólk til að átta sig á þeim áskorunum og tækifærum sem við blasa í kennslu íslensku sem annars tungumáls á öllum skólastigum. Félagið hefur staðið fyrir ýmsum viðburðum, boðið upp á starfsþróunarnámskeið og kynningar og tekið þátt í ýmsum samstarfsverkefnum. Þar að auki hefur félagið haft milligöngu um samskipti við menntayfirvöld til þess að koma sjónarmiðum félagsmanna á framfæri.

Á veggspjaldinu er að finna upplýsingar um áherslur og stefnu félagsins sem byggir m.a. á röddum kennara á öllum skólastigum. Mikilvægt er að kennarar séu upplýstir um félagið og starf þess því margir sem kenna íslensku sem annað tungumál eru einyrkjar en í félaginu fá þeir tækifæri til að kynnast fólki í svipuðum sporum, geta deilt hugmyndum og lært hver af öðrum.

Erla Guðrún Gísladóttir
Þorbjörg Halldórsdóttir

Könnun á menntun og hæfni ÍSAT-kennara á öllum skólastigum og í fullorðinsfræðslu

Markmið könnunarinnar er tvíþætt. Í fyrsta lagi munu niðurstöðurnar nýtast til að kortleggja þarfir starfandi kennara í íslensku sem öðru tungumáli (ÍSAT), bæði á öllum skólastigum og í fullorðinsfræðslu á vegum ýmissa framhaldsfræðsluaðila. Þetta mun hjálpa til við að meta núverandi fyrirkomulag, námsefni og úrræði. Auk þess varpa niðurstöðurnar ljósi á það kennsluefni og þá kennsluaðferði sem þörf er á til að hanna kennaranám og endurmenntun ÍSAT-kennara hér á landi.

Í öðru lagi mun könnunin varpa ljósi á hvernig núverandi náms- og kennsluefni og fyrirkomulag kennslu í ÍSAT-námskeiðum uppfyllir þarfir nemenda sem læra íslensku sem annað tungumál á mismunandi hæfnistigum samkvæmt Samevrópskum viðmiðunarramma tungumála (e. Common European Framework of Reference for Languages, CEFR).

Tilgangur rannsóknarinnar er fyrst og fremst að veita upplýsingar sem nýtast við undirbúning kennaranáms í ÍSAT á háskólastigi og við skipulag endurmenntunar starfandi ÍSAT-kennara.

Renata Emilsson Peskova
Branislav Bédi

Sögur á einföldu máli

Karítas er höfundur bókanna Árstíðir (2020), Dagatal (2022) og Vikuspá (2025) sem innihalda sögur á einföldu máli og styðja við tungumála- og menningarlæsi fólks sem leggur stund á íslensku sem annað mál. Auk þess hefur Karítas gefið út Árstíðir – verkefnabók (2023), raðbókina Árstíðir – leikir og kennsluefni (2024) og hljóðbækur við Árstíðir og Dagatal; kennsluefnið má nota hvort heldur sem er í sjálfsnámi eða skipulagðri kennslu.

Karítas Hrundar Pálsdóttir

Höfundur	Staða höfundar	Vinnustaður	Netfang
Anna-Elisabeth Holm	aðjunkt í færeyskudeild	Fróðskapasetur Færeyja	elisabethh@setur.fo
Audrey Louise Matthews	lektor í hjúkrunarfræðideild	Háskólinn á Akureyri	audrey@unak.is
Birna Arnbjörnsdóttir	prófessor emeritus í annarsmálsfræðum	Háskóli Íslands	birnaarn@hi.is
Branislav Bédi	verkefnisstjóri á íslenskusviði	Árnastofnun	branislav.bedi@arnastofnun.is
Erla Guðrún Gísladóttir	formaður Ísbrúar	Miðstöð menntunar og skólapjónustu	erla@midstodmenntunar.is
Gígja Svavarsdóttir	framkvæmdastjóri	Dósaverksmiðjan	gigja@skoli.eu
Guðlaug Stella Brynjólfssdóttir	aðjunkt í íslensku- og menningardeild	Háskóli Íslands, Íslenskuporpið	gudlaugs@hi.is
Guðmundur Engilbertsson	lektor í kennaradeild	Háskólinn á Akureyri	ge@unak.is
Guðrún Árnadóttir	kennari og deildarstjóri í LESLLA	Dósaverksmiðjan	gudarna7@gmail.com
Guðrún Steinþórsdóttir	aðjunkt í deild faggreinakennslu	Háskóli Íslands	gudrunst@hi.is
Halla Signý Kristjánsdóttir	verkefnastjóri	Fræðslumiðstöð Vestfjarða	hallasigny@frmst.is
Helga Birgisdóttir	lektor í deild faggreinakennslu	Háskóli Íslands	helgabi@hi.is
Helga Hilmisdóttir	rannsóknarprófessor á íslenskusviði	Árnastofnun	helgahi@hi.is
Helga Jónsdóttir	aðjunkt í íslensku- og menningardeild	Háskóli Íslands	helgajons@hi.is
Hermína Gunnþórsdóttir	prófessor í kennaradeild	Háskólinn á Akureyri	hermina@unak.is
Ingibjörg Sigurðardóttir	aðjunkt í félagsvísindadeild	Háskólinn á Akureyri	is@unak.is
Ingunn Hreinberg Indriðadóttir	aðjunkt í deild faggreinakennslu	Háskóli Íslands	ingunn@hi.is
Isidora Glišić	doktorsnemi og aðjunkt í íslensku- og menningardeild	Háskóli Íslands	isidora@hi.is
Jóhanna F. Kjeld	kennari	Dósaverksmiðjan	johannakjeld@gmail.com
Karítas Hrundar Pálsdóttir	rithöfundur		karitaspalsdottir@hotmail.com
Kristbjörg Arna E. Þorvaldsdóttir	kennari og deildarstjóri í LESLLA	Dósaverksmiðjan	kristobella14k@gmail.com

Lara W. Hoffmann	nýdoktor í rannsóknarstofum á Menntavísindasviði	Háskóli Íslands	laraw@hi.is
Laufey Guðnadóttir	aðjunkt í íslensku- og menningardeild	Háskóli Íslands	laufeygudna@hi.is
María Garðarsdóttir	aðjunkt í íslensku- og menningardeild	Háskóli Íslands	maeja@hi.is
Ólafur Guðsteinn Kristjánsson	aðjunkt í íslensku- og menningardeild	Háskóli Íslands	olafurgk@hi.is
Patricia Prinz	lektor	New York City College of Technology	patricia.prinz11@citytech.cuny.edu
Renata Emilsson Peskova	dósent í deild kennslu- og menntunarfræði	Háskóli Íslands	renata@hi.is
Sigríður Kristinsdóttir	aðjunkt í íslensku- og menningardeild	Háskóli Íslands	sigrk@hi.is
Sigríður Þorvaldsdóttir	aðjunkt í íslensku- og menningardeild	Háskóli Íslands	sth@hi.is
Stefanie Bade	aðjunkt í íslensku- og menningardeild	Háskóli Íslands	stefanie@hi.is
Védís Ragnheiðardóttir	doktorsnemi og aðjunkt í íslensku- og menningardeild	Háskóli Íslands	vedisr@hi.is
Þóra Björg Gígjúðóttir	kennari	Dósaverksmiðjan	gigjudottir@gmail.com
Þorbjörg Halldórsdóttir	varaformaður Ísbrúar	Miðstöð menntunar og skólaþjónustu	thorbjorg@midstodmenntunar.is
Þorgerður Jörundsdóttir	kennari og deildarstjóri í LESLLA	Dósaverksmiðjan	thorgerdur.jorundsdoettir@gmail.com